

93 eptir því sem sjá má af umræðunum á alþingi, nje yfir höfuð til neins annars en að auðga landssjóð og einstaka frímerkjakaupmenn og safnendur, þá verður og ráðaneytið að halda fast við skoðun þá, er fram er sett í brjefi þess frá 10. oktbr. 1896, að ekki megi nota þannig, sem hin umrædda þingsályktun ætlast til, rjett þann, er Ísland hefir sem sjálfstætt póstland til að gefa út eigin frímerki og að hin umgetna þingsályktun sje því eigi þannig vaxin, að hana eigi að taka til greina.

Þetta er yður, herra landshöfðingi, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi hefir í sumar eptir löglega meðferð samþykkt þingsályktun, er með henni er skorað á stjórnina að búa til ný íslenzk frímerki, sem að einhverju leyti sje frábrugðin núgildandi frímerkjum, t. a. m. þannig að orðið »Ísland« verði prentað á almennum frímerkjum í beinni línu, en á þjónustufrímerkjum í boginni línu, eða að verðtalan verði sett eigi að eins í miðjuna heldur og í hornin, og annaðhvort innleiða þau samhliða hinum núgildandi frímerkjum, meðan þau frímerki endast, sem nú eru til, eða gera hin núgildandi frímerki ógild, um leið og nýju frímerkin verða innleidd.

Jafnframt því að senda hjermeð umgetna þingsályktun eins og hún kom frá alþingi og í danskri þýðingu, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að, með því að tilgangur hinnar umræddu ráðstöfunar virðist vera að eins sá, að útvega landssjóði sjerstakar tekjur með sölu hinna nýju frímerkja til frímerkjasafnenda, virðist umgetin þingsályktun samkvæmt því, sem tekið er fram í hæstvirtu brjefi hins háa ráðaneytis frá 10. oktbr. f. á., eigi vera til þess fallin að takast til greina.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um hlunn-

94 indi handa sparisjóði. — Útaf beiðni, sem hingað hefir borizt beina leið frá forstöðu-
12. septbr. nefnd sparisjóðs Árnessýslu (á Eyrarbakka) vil jeg hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ára tímabil frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, er ræðir um í tilsk. 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðurinn nú veitir, eigi rýrni, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðsins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

95 Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Suduramtinu og Vesturamtinu um skiln-
26. septbr. ing á 17. gr. laga nr. 8 frá 13. april 1894. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 5. f. m.,

hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi álit yðar um eptirritaðar fyrirspurnir frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, viðvíkjandi rjettum skilningi á 17. gr. laga nr. 8 frá 13. apríl 1894, um vegi, nefnilega:

95

1. hvort húsbóndi, sem greitt hafi hreppsvegagjald fyrir vinnumann sinn, hafi aðgang að honum aptur um gjaldsupphæðina,
2. hvort embættismenn, sem að öllum jafnaði eigi muna megi teljast verkfærir í þessa orðs eiginlega skilningi, sje skyldir til að greiða hreppsvegagjaldið. Hafid þjer tekið það fram, að þjer fyrir yðar leyti getið ekki verið í neinum efa um það, að nefnda lagagrein, eius og hún er orðuð, sje svo að skilja, að húsbóndi hafi rjett til þess að heimta það hreppsvegagjald hjá hjúinu sínu, sem hann hafi lagt fram fyrir það, eigi síður en það hreppsvegagjald, er hann hafi borgað fyrir lausamann á heimili sínu, en hjermeð sje alls eigi sagt, að hann geti haldið hinni framlögðu gjaldsupphæð eptir af kaupi vinnumannsins. Að því er snertir síðari fyrirspurnina, teljið þjer það eigi síður efalaust, að embættismenn eigi að sæta sömu kjörum sem aðrir, hvað greiðslu hreppsvegagjalds snertir, og sami mælikvarði gildi um embættismenn að því leyti er snerti þá spurning, hvort þeir sjeu verkfærir eða ekki, enda hafi verið svo fyrirskipað í 18. gr. tilsk. 15. marz 1861, um vegina á Íslandi, að allir verkfærir karlmenn í hreppnum skyldu leggja verk til aukavega, hvort sem þeir væri af bændastjett eða ekki.

Með þeirri athugasemd að úrlausn framangreindra fyrirspurna heyrir undir dómstólana, skal jeg taka fram það, sem hjer segir.

Um 1. Samkvæmt 18. gr. tilsk. um vegina á Íslandi frá 15. marz 1861 var tillag til hreppavega aðallega fólgið í skylduvinnu, og þótt 5. gr. laga 15. oktbr. 1875, um vegi, eigi skoði tillagið sem skylduvinnu, þá er þessu aptur breytt með 16. gr. laga um vegi frá 10 nóvbr. 1887, enda mun það hafa verið aðalreglan, að hreppavegagjaldið hafi verið greitt með vinnu, meðan nýnefnd lög voru í gildi. Eptir því sem mjer er frekast kunnugt um, var þá talið svo, að gjaldið hvíldi einungis á húsbændunum. en alls eigi á vinnuönnnum, sem jafnaðarlega eiga ekki ráð á neinni slikri vinnu eða geta lagt hana til. Mín skoðun er sú, að með 17. gr. laga 13. apríl 1894, um vegi, sje alls eigi breytt gjaldskyldunni, heldur að eins gjaldmátanum. Jeg hygg því, að svara beri spurningu þessari neitandi.

Um 2. Aptur á móti er jeg yður samdóma um það, að svara eigi játandi fyrirspurn þessari, af þeim ástæðum, er þjer tilfærið í áðurnefndu brjefti yðar.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiniugar og frekari birtingar